

# HÖRGÁRSVEIT

## Reglur um veitingu tíma vegna sérkennslu í leikskóla

1. Leikskólastjóri afgreiðir mat sérstaks teymis fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar um þörf fyrir sérkennslu barns á leikskólanum skv. þessum reglum. Matið byggir, eftir atvikum, á greiningu Greiningarstöðvar ríkisins eða niðurstöðu teymisins sjálfs.
2. Í mati fjölskyldudeildarteymisins kemur fram hversu marga tíma í sérkennslu á dag áætlað er að barnið þurfi.
3. Leikskólastjóri metur í hverju tilviki hvort unnt er að leysa sérkennsluþörf með þeim starfsmönnum sem í starfi eru. Ef ráða þarf viðbótarstarfsmann, auka starfshlutfall starfsmanns eða bæta við yfirvinnu starfsmanns skal leikskólastjóri gera sveitarstjórn grein fyrir málinu og afla heimildar fyrir þeim kostnaði sem um ræðir.
4. Skrifleg skýrsla um veitingu tíma vegna sérkennslu í leikskóla skal lögð fyrir fræðslunefnd eigi síðar en 30. september ár hvert fyrir næstliðið skólaár (þ.e. umsóknir sem borist höfðu frá 1. ágúst næstliðins árs til 31. júlí á líðandi ári).
5. Reglur þessar eru settar af sveitarstjórn Hörgársveitar 21. september 2011, sbr. tillögu fræðslunefndar 7. september 2011, skv. 24. gr. erindisbréfs fyrir fræðslunefnd og öðlast strax gildi.